

Mánudaginn 30. september 1946.

Nr. 85/1946. Jón Þorsteinsson og Kristín Dahlsted
 gegn
 Karli Árnasyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Jón Þorsteinsson og Kristín Dahlsted, er eigi mæta í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 4. október 1946.

Kærumálið nr. 13/1946. María Jónsdóttir
 gegn
 Sigurði Berndsen.

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
 í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Synjað frests.

Dómur hæstaréttar.

Með kærú 19. júní þ. á., sem hingað barst 23. f. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, upp kveðinn 12. júní s. l., þar sem sóknaraðilja er synjað um frest í máli, er varnaraðili hefur höfðað gegn honum.

Sóknaraðili hefur hvorki sent hæstarétti greinargerð né kröfur af sinni hendi, en ætla má, að kært sé í því skyni, að úrskurður borgardómara verði úr gildi felldur og að fresturinn verði veittur í málinu.

Varnaraðili hefur eigi borið fram neina greinargerð eða kröfur af sinni hálfu.

Af ástæðum þeim, sem raktar eru í hinum kærða úrskurði, ber að staðfesta hann.

Þar sem kröfur hafa eigi komið fram af hendi varnaraðilja, fellur kærumálskostnaður niður.

Af hálfu sóknaraðilja hefur hvorki í héraði né fyrir hæstarétti svo mikið sem verið reynt að færa rök að því, að eigi hafi verið unnt að leiða fyrir dóm vitni það, sem í málinu greinir, til staðfestingar vottorði því, sem mótmælt var á dómþingi 13. desember 1945. Verður því að víta umboðsmann sóknaraðilja, Brand héraðsdómslögmann Brynjólfsson, fyrir tilefnislausu kæru málsins, sbr. 188. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 12. júní 1946.

Mál þetta hefur Sigurður Berndsen, Grettisgötu 71 hér í bæn-um, höfðað eftir árangurslausa sáttaumleitan með stefnu, útgefinni 13. nóvember s. l., gegn Maríu Jónsdóttur, Háteigsvegi 26 hér í bæ, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 1600.00, með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir: Hinn 20. apríl 1945 gaf stefndi skriflega viðurkenningu fyrir því, að hún skuldaði stefnanda kr. 1600.00 í sölulaun fyrir hæð í húsinu nr. 12 við Hraunteig, sem stefnandi hefur selt Kristjáni nokkrum Sumarliðasyni. Fjárhæð þessa lofaði stefndi að greiða 14 maí 1945. Þegar ekki varð af greiðslu, höfðaði stefnandi mál þetta og byggir dómkröfur sínar á fyrrgreindri yfirlýsingu stefnda.

Stefndi byggir kröfur sínar á því, að stefnandi hafi ekki séð um sölu hæðar þeirrar, er áður greinir, og eigi því enga kröfu á þóknun, en hún kveðst hafa gefið fyrrnefnda yfirlýsingu sökum þess, að stefnandi hafi ranglega skýrt sér svo frá, að hann hafi séð um söluna.

Mál þetta var þingfest 15. nóvember s. l. Fékk umboðsmaður stefnda þá frest til greinargerðar til 29. s. m. og framhaldsfrest í sama skyni til 6. desember s. l., en þá lagði hann fram greinargerð í málinu. Umboðsmenn aðilja fengu síðan sameiginlegan frest til gagnasöfnunar til 13. desember. Lagði umboðsmaður stefnda þá fram eitt vottorð, sem umboðsmaður stefnanda mótmælti þegar sem röngu og óstaðfestu fyrir dómi. Upp frá þessu hafa umboðsmenn aðiljanna fengið sifellda framhaldsfresti til gagnaoöflunar, án þess þó að nokkuð hafi verið gert í málinu, þar til 6. þ. m. Fór þá umboðsmaður stefnda enn fram á vikufrest til gagnaoöfl-

unar og taldi það vera í því skyni að leiða Kristján Sumarliðason, sem gefið hefur áður nefnt vottorð í málinu, fyrir dóm. Umboðsmaður stefnanda mótmælti öllum frekari fresti í málinu, þar eð hann taldi, að nægur tími hefði unnizt til að leiða nefndan Kristján fyrir dóm. Var atriðið síðan tekið til úrskurðar.

Af því, sem að framan var rakið um sögu máls þessa hér fyrir dóminum, er ljóst, að stefnda gafst tilefni til að láta staðfesta hið umrædda vottorð þegar hinn 13. desember s. l. Verður eigi annað séð en að þegar hafi verið veittir nægilegir frestir í því skyni og ber því með skirskotun til 111. gr. sbr. 110. gr. laga nr. 85 frá 1936 að synja um hinn umbeðna frest.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, hefur kveðið upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Mánudaginn 7. október 1946.

Nr. 47/1945. Skipaútgæð ríkisins. (Hrl. Ólafur Þorgrímsson)
gegn

Hreppsnefnd Flateyrarhrepps f. h. hreppsins
(Hrl. Ragnar Ólafsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Skaðabótamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. apríl 1945, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m. Gerir hann þær dómkröfur, aðallega að hann verði algerlega sýknaður, en til vara, að dæmd fjárhæð verði lækkuð. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, virðist e/s Esja ekki hafa lagzt rétt að bryggju stefnda í umrætt skipti. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því er fébætur varðar.